



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 8. maí 2025

SFS24050122

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um starfslokasamninga

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 27. maí 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Fyrirspurnin var jafnframt ítrekuð á fundi skóla- og frístundaráðs 5. maí 2025:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn: Hversu margir starfslokasamningar hafa verið gerðir við skólastjórnendur og stjórnendur skóla- og frístundasviðs á tímabilinu 1. janúar 2015 til og með 15. maí 2024? Hver er kostnaður Reykjavíkurborgar við hvern starfslokasamning á föstu og gildandi verðlagi? Hversu háa upphæð hefur þurft að greiða fyrir starfslok á þessu tímabili á föstu og gildandi verðlagi? Hversu langur er hver starfslokasamningur sem skóla- og frístundasvið hefur gert við stjórnendur? Hvert er starfsheiti og aldur starfsmanns á bakvið hvern starfslokasamning? Hvaða skýring liggur að baki hverjum starfslokasamningi að þessi leið er valin? Er fjöldi starfslokasamninga við stjórnendur skóla- og frístundasviðs hjá Reykjavíkurborg sambærilegur við nærliggjandi sveitarfélög? Hversu margir skólastjórnendur hafa sagt upp störfum á tímabilinu 1. janúar 2015 til og með 15. maí 2024?

Svar:

Gerð hafa verið samkomulög um starfslok við 11 skólastjórnendur frá 1. janúar 2015 til 15. maí 2024. Um er að ræða bæði leikskólastjóra og grunnskólastjóra. Í 5 tilfellum af þessum 11 var viðkomandi stjórnandi að nálgast starfslok vegna aldurs og upp komin veikindi og var því niðurstaðan að komast að samkomulagi um starfslok svo hægt væri að auglýsa stöðuna til framtíðar. Í hinum 6 tilfellunum var lífaldur viðkomandi á bilinu 45-60 ára og var um að ræða hagsmunamat þar sem aðilar voru sammála um forsendur fyrir viðkomandi til þess að stýra skólanum voru ekki lengur til staðar hvort sem það var út frá aðstæðum á staðnum og/eða annað sem upp kom í tengslum við stjórnandann og stjórnun skólans.



Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir hvert og eitt samkomulag, lengd og kostnað:

	Fast verðlag		Verðlag 2025		
Nafn	Laun	Með launat.gjöld	Laun	Með launat.gjöld	Lengd samkomulags
Nr.1	10.848.989	13.344.256	12.493.163	15.366.590	6 mánuðir
Nr.2	10.037.173	12.345.723	11.558.315	14.216.728	5 mánuðir
Nr.3	16.635.740	20.461.960	19.783.262	24.333.412	15 mánuðir
Nr.4	19.904.640	24.482.707	26.128.299	32.137.808	13 mánuðir
Nr.5	20.437.626	25.138.279	28.212.224	34.701.035	18 mánuðir
Nr.6	20.388.769	25.078.186	22.202.360	27.308.903	15 mánuðir
Nr.7	18.159.816	22.336.574	25.231.414	31.034.639	16 mánuðir
Nr.8	25.000.000	30.000.000	38.000000	45.600.000*	22 mánuðir
Nr.9	15.220.383	18.721.071	17.231.698	21.194.989	15 mánuðir
Nr.10	25.085.780	30.855.509	30.309.579	37.280.782	18 mánuðir
Nr.11	22.743.980	27.975.095	28.747.635	35.359.592	17 mánuðir
	204.462.896	250.739.360	259.897.949	318.534.477	

*Þar sem umrætt samkomulag var gert áður en SAP launakerfið var innleitt liggja ekki fyrir nákvæmar tölur um kostnað og er því um að ræða áætlun út frá lengd samkomulagsins.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um kostnað vegna samkomulaga um starfslok hjá öðrum sveitarfélögum.

Frá 1. janúar 2015 til og með 15. maí 2024 sögðu 94 skólastjórnendur á skóla- og frístundasviði upp störfum sem stjórnendur í viðkomandi leik- eða grunnskóla. Tólf af þessum stjórnendum fóru í önnur stjórnendastörf á skóla- og frístundasviði, t.d. í aðra skóla, og 44 af þessum 94 hættu vegna aldurs.